

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum nr. 432 15. október 1979.

1. gr.

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loftskeytamann, fá 6 mánaða frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 98.

8. janúar 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr og er stofnaður samkvæmt ákvörðun hans af Svövu Storr og Önnu Dúfu Storr.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framförum á sviði jarðefnafræða, byggingariðnaðar og skipasmíða með því að styrkja vísindamenn á sviði jarðefnafræða, verkfræðinga, arkitekta, tæknifræðinga og iðnaðarmenn til framhaldsnáms, svo og að veita styrki til rannsókna á hagnýtum úrlausnarefnum í þessum greinum.

Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita lán í sama tilgangi.

Við mat á því, hvort umsækjandi skuli hljóta styrk, skal lagt til grundvallar, hvort framhaldsnám umsækjanda eða rannsóknir geti stuðlað að raunhæfum framförum í þeirri grein, sem um ræðir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er öll fasteignin nr. 15 við Laugaveg í Reykjavík.

Framangreinda fasteign má ekki selja. Eigi má heldur veðsetja eignina nema vegna lántöku til viðhalds hennar, enda samþykki allir stjórnarmeðlimir veðsetninguna.

4. gr.

Eignir sjóðsins eru fasteign, sem um getur í 3. gr. svo og aðrar eignir, sem honum kunna að áskotnast.

Tekjur sjóðsins eru leiga af húseigninni nr. 15 við Laugaveg í Reykjavík, svo og vextir og tekjur af öðrum eignum.

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu Háskóla Íslands. Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans, og gæta þess að þær rýrni ekki að verðmætum.

Lausafé sjóðsins skal varðveitt á reikningi í Landsbanka Íslands, er hljóðar á nafn sjóðsins.

Stjórninni er heimilt að ávaxta fé sjóðsins með kaupum á verðbréfum, sem eru ríkistryggð eða tryggð með 1. veðrétti í fasteignum eða öðrum jafn tryggilegum hætti.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður á sama hátt og reikningar sjóða Háskóla Íslands.

6. gr.

Í lok reikningsárs ákveður sjóðsstjórn, hversu miklum hluta af árlegum tekjuafgangi sjóðsins skuli varið til úthlutunar styrkja.

Nú telur sjóðsstjórn ekki ástæðu til að úthluta öllum tekjuafgangi til styrkþega, og getur hún þá ákveðið, hvort leggja skuli þann hluta við höfuðstól eða geyma hann til úthlutunar síðar.

7. gr.

Sjóðsstjórnin úthlutar styrkjum einu sinni á ári.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki. Heimilt er þó að veita styrki, án umsóknar, aðilum, sem að mati stjórnarinnar teljast verðugir styrkveitingar.

Sjórnin ákveður hversu marga styrki skuli veita árlega og upphæð þeirra.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, sem háskólaráð Háskóla Íslands kýs til þriggja ára í senn. Auk þeirra skipa sjóðsstjórnina Svava Storr, ekkja Ludvígs Storr, og Anna Dúfa Storr, dóttir hans, meðan þær lifa og óska að sitja í stjórninni.

Svava Storr er formaður sjóðsstjórnar, en sjóðsstjórn kýs formann úr sínum hópi er Svava lætur af formennsku.

9. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem nauðsynlegt þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum.

Fundargerðir skulu bókaðar í sérstaka gerðarbók.

10. gr.

Til þess að fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart sjóðnum séu gildar þarf formaður auk annars stjórnarmanns hið minnsta að undirrita þær.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita starfsmanni prókúrumboð.

11. gr.

Stjórnin ákveður þóknun fyrir stjórnarstörf, ef ástæða þykir til, svo og þóknun fyrir önnur störf, sem unnin eru á vegum sjóðsins.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. 2. gr. skal ekkja Ludvigs Storr, Svava Storr, þó hafa full, óskoruð og endurgjaldslaus afnot af allri þriðju hæð, svo og þvotta-húsi og svalaherbergi á fjórðu hæð húseignarinnar nr. 15 við Laugaveg í Reykja-vík, svo lengi sem hún óskar að búa þar. Á sama tíma skal kostnaður vegna rafmagns og hita greiddur af tekjum sjóðsins.
2. Frá stofndegi sjóðsins 1. janúar 1980 til 31. desember 1984 skal helmingur vergra tekna af húseigninni Laugavegur 15 renna til sömu Svövu Storr, enda greiði hún helming opinberra gjalda og annars kostnaðar af eigninni á sama tíma.

S A M Þ Y K K T**um sveitarstjóra í Hafnahreppi, Gullbringusýslu.****1. gr.**

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra og skal ráðningartími hans vera lengstur til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og til-lögunarétt, en atkvæðisrétt hefur hann aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðist úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni. og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.